

Fyrsta ár nýs meirihluta í bæjarstjórn

Hvað er að gerast hjá nýrri bæjarstjórn?

Nú er rétt um ár líðið frá því ég tók við starfi bæjarstjóra. Það er því vel við hæfi að tæpa á helstu verkefnum fyrsta ársins. Haustið einkennast af fjárhagsáætlunarvinnu þar sem línur næsta árs eru lagðar og eftir áramót hefst vinnan við að koma verkefnum í framkvæmd. Meirihlutinn lagði fram metnaðarfulla stefnuskrá sem er eins konar biblíu bæjarstjórnar. Mig langar að tæpa á því helsta sem hefur áunnist fyrsta árið:

Byggð verði upp opin stjórnsýsla með skýrum verkferlum og að sveitarfélagið verði eftirsóttur vinnustaður þar sem hugað er að si- og endurmenntun auk heilsuefandi þátta.


Byrjað var á því strax í haust að rýna niðurstöður úr úttekt sem bæjarstjórn fékk Capacent til að vinna á rekstri og stjórnsýslu. Niðurstöður sýndu að starfsfólk og stjórnendur töldu mikla þörf á að ráða mannauðsstjóra hjá sveitarfélaginu. Einnig kom fram að lítið svigrúm er hjá stjórnendum til að sinna stjórnendahlutverkinu svo vel sé. Nú er búið að ráða nýjan mannauðs- og gæðastjóra, Sverri Hjálmarsson en hann hóf störf í sumar. Eitt af fyrstu verkum hans er að halda utan um innleiðingu á jafnaunavottun samhliða öllu verklagi og verkferlum í kringum mannauðsmál, stefnur o.fl.

Sveitarfélagið vinnur að metnaðarfullri fræðsluáætlun og vinnustaðagreiningu með tilkomu mannauðsstjóra með það að markmiði að auka ánægju starfsmanna og laða til okkar öflugt fólk. Í þessu sambandi er verið að prófa mismunandi verkfæri til heilsuefingar starfsmanna á vinnutíma s.s. hreyfing á vinnutíma hjá Grunnskóla Hornafjarðar, jóga á leikskólunum svo dæmi séu tekin.

Íbúalýðræði og viðhorfskönnun.

Nú í vor var ný aðferð prófuð við svörin á íbúakönnun þar sem íbúar gátu teiknað inn á kort nýjar gönguleiðir, útivistarsvæði, gert athugasemdir vegna umferðaröryggis o.fl. Þátttaka var góð en um 200 svör fengust en niðurstöðurnar eru í vinnslu starfsmanna. Niðurstöðurnar verða kynntar á íbúafundi síðar í haust. Umhverfis- og skipulagsnefnd mun vinna með niðurstöðurnar við alla skipulags- og viðhaldsvinnu sem framundan er. Eftið aðferðin reynist góð er full ástæða til að nota þessa leið oftar. Síðustu ár hefur einnig verið kallað eftir skoðunum íbúa við

Hversu ánægður eða óánægður ertu með eftirfarandi þætti hjá Sveitarfélaginu Hornafjörður



fjárhagsáætlunarvinnu á haustin og stendur til að gera þá vinnu markvissari.

FAS vann stutta útgáfu af þjónustukönnun fyrir sveitarfélagið síðastliðið vor. Svörin voru fá eða eingöngu 111 en hringt var í íbúa, niðurstöðurnar gefa ákveðna vísbendingu en mundu ekki teljast tölfraðilega marktækar. Almennt má segja að íbúar séu ánægðir með búsetu á Hornfirði eða 87% og íbúar sem eiga börn í skólum eru almennt ánægðir með skólana. Einnig er ánægja með aðstöðu til íþróttaiðkunar. Þættir þar sem sveitarfélagið má bæta sig hvað mest varða sorpmál, upplýsingagjöf til íbúa og þjónustu við eldri íbúa. Þar eru sannarlega tækifæri til að bæta ýmislegt og hlakka ég til þess.

Atvinnu- og samfélagsþróun

Sveitarfélagið heldur uppi atvinnu- og rannsóknarsjóði sem frumkvöðlar eru hvattir til að sækja í. Matarsmiðjan hefur verið flutt í húsnæði sláturhússins en notkun hennar hefur verið lítil. Finna þarf leiðir til að auka notkun hennar þannig að Matarsmiðjan verði sjálfbær í rekstri.

Sveitarfélagið hefur nú unnið húsnæðisáætlun en hana má finna á heimasíðu sveitarfélagsins. Í húsnæðisáætluninni er húsnæðismarkaðurinn á staðnum greindur nákvæmlega og nýttist greiningin við skipulagsvinnu og ákvarðanatöku í málaflokknum. Mikill vöxtur hefur verið í húsnæðisáætluninni á Höfn og lóðum til úthlutunar fer ört fækkandi. Af þeirri ástæðu er verið að vinna skipulag sem miðar að þéttingu byggðar á . Einnig þarf að huga að uppbyggingu nýrra svæða í dreifbýlinu. Uppbygging á sér stað í Örafum en búið er að úthluta sex byggingarlóðum þar og eru tvö hús risin nú þegar. Send var út könnun þar sem greind er þörf á uppbyggingu húsnæðis fyrir eldri Hornfirðinga. Niðurstöður hennar eru í vinnslu og verða kynntar um leið og þær

liggja fyrir.

Hafnarmál

Síðasta ár hefur verið erfitt í rekstri Hornafjarðarhafnar. Loðnu- og humarbrestur hefur þar gríðarleg áhrif ásamt því að Skinney-Þinganes var með tvö skip í breytingum stóran hluta fyrstu sex mánaða þessa árs. Hefur þó ræst úr erfiðri stöðu með góðri sumarvertíð. Grynnslin eru okkur erfið en nú stendur til að bæta við varnargarð á Suðurfjörum með svokölluðum sandfangara. Sandfangarinn er á Samgönguáætlun ríkisstjórnarinnar á næsta ári og mun hann vonandi draga úr sandburði inn í grynnslin og þar með auka öryggi í innsiglingunni. Endurbætur á Miklagarðsbryggju er einnig á samgönguáætlun síðar á tímabilinu.

Velferðarmál

Nýtt hjúkrunarheimili er nú á teikniborðinu og verður fyrsta skóflustungan tekin á næsta ári. Það mun verða mikil bylting með bættari aðstöðu fyrir íbúa og starfsfólk hjúkrunarheimilisins. Við byggingu nýs hjúkrunarheimilis munu dvalarrými leggjast af þar sem markmiðið er jú ávallt að tryggja búsetu í heimahúsi eins lengi og hægt er. Flutningur heimaþjónustudeildar og málefna fatlaðra að Víkurbraut 24 hefur verið í undirbúningi um nokkurt skeið. Eftir hugmynda- og hönnunarvinnu er niðurstöðin að flytja allt félagsmála- og fræðslusviðið á Víkurbrautina og samþætta þar starfsemi í kringum börn og fjölskyldur. Samhliða þessari vinnu hefur hópur starfsmanna unnið að samþættingu heimaþjónustu hjá sveitarfélaginu og hafa verið lagðar fram tillögur að bættu verkferli í málaflokknum með það að markmiði að tryggja betri þjónustu og einfaldari stjórnsýslu ásamt því að bæta færni íbúa til að búa sem lengst í heimahúsi. Samningur um rekstur heilbrigðisþjónustu er nú í endurskoðun. Það er einhugur um það



Bifreiðaskoðun á Höfn 14., 15. og 16. október.

Tímá pantanir í síma 570-9090
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 11. októberber.
Næsta skoðun 11., 12. og 13. nóvember
*Ath. Breyttur tími á skoðun í nóv. miðað við
fyrri upplýsingar.*

Frumherji
Þegar vel er skoðað

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA SAMVERA




Fyrsta Samveran í Ekru á þessu hausti
verður föstudaginn 4. október kl. 17:00
Júlíus Sigfússon kemur í heimsókn og
sýnir "Það varð til bæ", sem er gömul
sjónvarpsupptaka frá Hornafirði. Hann
tekur líka með sér gítarinn.
Ekki missa af þessu
Athugið: Allir eru velkomnir.



Manstu eftir taupokanum?

ÞOKASTÖÐIN
Hornafjörður - Iceland



Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

Kynningarfundur um skipulagsmál

Kynningarfundur vegna tillögu að deiliskipulagi
hitaveita í Hornafirði verður haldinn þriðjudaginn
8. október 2019 kl. 12:00. Fundurinn verður
haldinn í Ráðhúsi Sveitarfélagsins að Hafnarbraut
27, 780 Höfn.

Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsstjóri



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / Sí: 4788000 / www.hornafjordur.is

A.T.H. Lokað verður í ruslaportinu laugardaginn 5. október vegna árshátíðar starfsmanna.

**ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ**

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068
Kt. 500210-2490

Eystrahorn

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófar kalestur.... Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

ÓSINN

RESTAURANT-PIZZERIA

Opið frá kl.17-22 í allann vetur
Fjölbreyttur matseðill

Pizzapantanir á osinn.is
eða í síma 478-2200

Heimsending frá 18-21
Fimmtudaga-sunnudaga

H HÓTEL HÖFN

Vikurbraut 20, 780 Höfn í Hornafirði, Sí: 478 1240



í bæjarstjórn að sveitarfélagið haldi áfram rekstri þjónustunnar og mun niðurstaða liggja fyrir, fyrir áramót. Markmiðið er ávallt að íbúar fái góða og samfellda þjónustu. Endurskoðunin mun ekki hafa áhrif á þjónustu við íbúa.

Menningarmál

Haldinn var íbúafundur um framtíð Miklagarðs síðastliðið vor. Mæting á fundinn var góð og má segja að niðurstaðan hafi verið nokkuð afgerandi á þá leið að ekki eigi að hækka húsið heldur halda upprunalegu útliti. Þar kom einnig fram skýr vilji íbúa til þess að koma húsinu í nýtingu sem fyrst þannig að starfsemi verði í því. Ráðast þarf í endurbætur á húsinu svo af því geti orðið og er það til skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2020. Aukið fjármagn var sett í viðhald félagsheimila, búið er að skipta um eldhúsinnréttingar á Hrollaugsstöðum og í Holti á Mýrum svo dæmi sé tekið. Unnið hefur verið að hönnun á húsnæði Menningarmiðstöðvarinnar við Álaleiru eftir að Matarsmiðjan fór þaðan út. Sú vinna er langt komin en stefnt er að því að flytja safnmuni að lokum alla í eitt hús að Álaleiru til varðveislu.

Nýir íbúar

Íbúum af erlendum uppruna hefur fjölgað töluvert á síðustu árum og er hlutfallið nú komið upp í 20% af heildar íbúafjölda sveitarfélagsins. Hjá sveitarfélaginu starfar verkefnastjóri fjölmenningar sem veitir ekki af. Búið er að gefa út upplýsingabækling fyrir alla nýja íbúa sveitarfélagsins á nokkrum tungumálum, bókasafnskostur hefur verið eflur með samsetningu íbúa í huga, pólskukennsla fer nú fram í Grunnskóla Hornafjarðar, unnar hafa verið reglur um túlkabjónustu hjá sveitarfélaginu og skipulagður stuðningur við heimanám svo

eitthvað sé nefnt.

Umhverfis- og skipulagsmál

Málaflokkurinn er vaxandi og ekki síst hvað varðar umhverfismálin. Sveitarfélagið vill vera í fararbroddi í umhverfismálum og náttúruvernd. Af þeirri ástæðu var samþykkt hjá bæjarráði fyrr í mánuðinum að ráða umhverfisfulltrúa til starfa til eins árs prufu. Sveitarfélagið hefur markað sér stefnu í umhverfis- og loftslagsmálum sem þarf að fylgja vel eftir. Sorpmálin eru sá málaflokkur sem mest óánægjan mælist með og er því rík áhersla á að fara yfir málaflokkinn í heild sinni og fylgja þeim samningum eftir sem eru í gildi. Á heildina gengur mjög vel hjá íbúum sveitarfélagsins í flokkun sorps en betur má ef duga skal. Það er ljóst að við þurfum að gera betur. Þar felast tækifærin hjá fyrirtækjunum í sveitarfélaginu en auka þarf enn betur endurnýtingu sorps með það að markmiði að draga úr urðun. Öll þurfum við að vera meðvituð um neyslu og draga úr henni.

Skipulagsmálin eru fyrirferðamikil en nú er loksins búið að ljúka við malbikun og frágang í Nesjahverfi og einnig á Leirusvæðinu. Hönnun er hafin á Hafnarbraut en lagnakerfið er þar illa farið og gatan léleg. Áhersla var lögð á framkvæmdir tengdar unglíngalandsmóti á þessu ári og umhverfi snýr eftir fremsta megni. Það hefur sannarlega tekist miðað við viðbrögð gesta á Unglíngalandsmótinu.

Skóla- og íþróttamál

Fræðslumál er einn veigamesti málaflokkur sveitarfélaga. Lagt var upp með að hlúa að innra starfi skóla sveitarfélagsins og efla mönnun. Erfiðlega hefur gengið síðustu ár að manna leikskóla sveitarfélagsins bæði á Höfn og einnig í Hofgarði. Ánægjulegt er að segja frá því að fullmannað er nú á leikskólunum og biðlistar hafa stytst verulega. Unnið er að



öflugri sí- og endurmenntun í skólunum og til prufu hafa verið heilsueflandi verkefni sem miða að því að bæta líðan starfsmanna. Unnið verður áfram að þessum þáttum. Skrifað var undir samning um skólaakstur nú í haust þar sem gerð er tilraun með fristundaakstur í dreifbýlið. Um er að ræða eina ferð seinnipartinn sem bætist við skólaakstur heim úr skóla í tengslum við íþróttastarf barna sem búsett eru í dreifbýlinu. Markmiðið er að tryggja jafnari aðgang að tómsundum fyrir börn í dreifbýlinu. Settur var á laggirnar starfshópur fljótlega eftir kosningar með það að markmiði að endurskoða skipulag íþróttamannvirkja og komast að niðurstöðu um forgangs röðun í uppbyggingu. Hópurinn hefur skilað niðurstöðu þar sem lögð er áhersla á byggingu nýs íþróttahúss. Vinnan sýndi einnig fram á þörfina að taka upp skipulag á miðsvæði Hafnar og hefur Umhverfis- og skipulagsnefnd hafið þá vinnu.

*Matthildur Ásmundardóttir
bæjarstjóri*

Föstudagshádegi í Nýheimum

Föstudagshádegi Nýheima hefjast kl. 12:30.

Allir velkomnir.

04.10 Björn Arason.

Ferðasaga Björns til Ísrael.

11.10. Hanna Dís Whitehead.

Hanna Dís kynnir hönnun sína.

Súpa, nýbakað brauð og pesto 1000 kr.

Salatbar 1000 kr.

í boði frá kl. 12.00

(Ath. ekki er tekið við kortum.)

Skráning í mat óskast á motuneyti@fas.is

Framsóknarfélag Austur-Skaftfellinga
boðar til almenns fundar í Golfskálanum
þann **9. október, hefst fundurinn kl**
20:00

Dagskrá:

- Ritari Framsóknarflokksins Jón Björn Hákonarson mætir og fer yfir landsmálin
- Bæjarfulltrúar mæta og ræða bæjarmálin
- Kosning á kjördæmisþing sem haldið verður á Kirkjubæjarklaustri þann 19. október
- Önnur mál

Allir velkomnir,
Stjórn Framsóknarfélags Austur-Skaftfellinga

Þekkingarsetur, uppbyggjandi afl í dreifðum byggðum

Nýheimar þekkingarsetur leggur í starfi sínu áherslu á samstarfsverkefni sem þjónað geta samfélaginu. Gott samstarf er milli stofnananna tólf sem eiga aðild að Nýheimum þekkingarsetri, einnig milli sveitarfélagsins og þekkingarsetursins og unnið er í því að styrkja tengsl við álíka stofnanir víðar um land sem og erlendis. Fátt er Nýheimum óviðkomandi en öll verkefni eru valin út frá mögulegum ávinningum fyrir samfélagið okkar.

KNOW HUBs Þekkingarsetur, uppbyggjandi afl í dreifðum byggðum er samstarfsverkefni milli Nýheima þekkingarseturs og stofnana víða í Evrópu. Verkefnið er til tveggja ára en það hlaut styrk frá Erasmus+ árið 2018 og lýkur síðla árs 2020.

KNOW HUBs leggur áherslu á hvernig þekkingarsetur geta þróað starfsemi sína með hliðsjón af þörfum og kröfum samfélaga í dreifðum byggðum. Nálgun verkefnisins byggir á því að nýta hugmyndafræði um þekkingarsetur sem 3M: miðpunkt, miðlara, mótur í þeim tilgangi að auka hæfni setra til að vinna nærsamfélagi sínu til hagsbóta. Verkefnið fjallar um hvernig setur geta þróað starfsemi sína til að verða leiðandi afl í samfélaginu; hvati fyrir þá sem þess þurfa; stuðlað að samstarfi og verið miðpunktur þangað sem allir geta leitað.

Fyrir nokkru var í tengslum við verkefnið haldinn rýnihópur í Nýheimum þar sem íbúar greindu hvaða hæfni setrið og starfsfólk þess þarf að búa yfir til að verða 3M fyrir okkar samfélag. Niðurstöður þess voru að mikilvægt sé að leggja áherslu á rannsóknarhæfni, stjórnunar- og skipulagshæfni og miðlunar- og markaðshæfni.



Álíka rýnihópar voru framkvæmdir í öllum samstarfslöndunum og mótaði hvert setur kennsluefni fyrir sín áhersluatriði. Kennsluefnið verður svo efniviður handbókar sem gefin verður út að verkefninu loknu.

Hugrún Harpa og Kristín Vala komu nýlega frá Írlandi þar sem þær tóku þátt í námskeiði og verkefnafundi KNOW HUBs. Á námskeiðinu var handbókin prófuð með fulltrúum allra samstarfsaðila. Á döfinni er að þróa námsefnið enn frekar og hvert setur staðfærir efnið fyrir sitt samfélag og miðlar. Með það í huga hvernig verkefnið geti nýst samfélaginu okkar sem best vinnur Nýheimar þekkingarsetur að þróun valdeflandi námskeiðs fyrir ungt fólk, vonum við að það muni vekja áhuga og nýtast þátttakendum til framtíðar.



Frjálsíþróttapjálfari

Frjálsíþróttadeild Sindra

óskar eftir þjálfara í vetur fyrir 10 ára og eldri. Á haustönn verður tímabilið frá 24. September -24. Nóvember.

Æfingar verða 3 x í viku, frjálsar og þrekæfingar. Áhugasamir hafið samband við sindri@umfsindri.is

Þjónustuslátrun í sláturhúsinu á Höfn

Áformað er að bjóða upp á þjónustuslátrun sauðfjár og geita í sláturhúsinu á Höfn nú í október og er unnið að því að afla tilskilinna leyfa fyrir framkvæmdinni.

Eingöngu er um að ræða slátrun fyrir þá sem hyggjast taka afurðir sínar heim.

Þeim sem áhuga hafa á því að nýta sér þessa þjónustu er bent á að hafa samband sem fyrst við Elvar Þór Sigurjónsson í síma 659-2560 eða Önnu Sigurbjörgu Sævarsdóttur í síma 867-9634

Sláturfélagið Búi svf.

Uppeldi sem virkar

Námskeiðið Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar verður haldið í Ekru á Höfn mánudaginn 21. október. 28. október. 4. nóvember og 11. nóvember. n.k. kl. 19.30-21.30 Hvert námskeið er samtals 8 klukkustundir, 2 klukkustundir í senn 1x í viku, alls 4 skipti.

Námskeiðið Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar er sérstaklega þróað fyrir foreldra á Íslandi og stuðst við viðurkennd fræði og vel rannsakaðaraðferðir. Námskeiðið er í boði fyrir foreldraleikskólabarna sveitarfélagsins sem hluti af lýðheilsustefnu sveitarfélagsins og kennt í samstarfi hjúkrunarfræðinga á heilsugæslustöðinni, leikskólakennara, grunnskólakennara og þroskaþjálfara.

Lögð er áhersla á að kenna foreldrum leiðir til að vera samtaka í uppeldinu og skapa æskileg uppeldisskilyrði sem ýtir undir færni sem líkleg er til að nýttast barninu til framtíðar.

Foreldrar læra aðferðir til að styrkja eigin hæfni, laða fram æskilega hegðun barnsins og fyrirbyggja erfiðleika á jákvæðan hátt. Námskeiðið hentar öllum foreldrum ungra barna, a.m.k. að sex ára aldri.

Þátttakendur þurfa að skrá sig á heilsugæslustöðinni. Sveitarfélagið býður öllum foreldrum barna á leikskólaaldri námskeiðið þeim að kostnaðarlausu.

Námskeiðið byggir á Uppeldisbókinni sem Skrudda gefur út.

Skráning á netfangið hsu@hornaffjordur.is eða á heilsugæslustöðinni í s: 470-8600 frá kl. 13:00 virka daga.



Hvernig er hægt að:

- Koma í veg fyrir hegðunærðileika?
- Hjálpa börnum að þróa með sér óryggi, sjálfstæði og jákvæðni?
- Auka eigin styrkleika og færni í foreldrahlutverkum?
- Nota ága á jákvæðan og árangursríkan hátt?
- Kenna börnum æskilega hegðun?
- Taka státt við venjuleg vandamál í uppeldi?



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Húsgagnaaval
Húsgögn og gjafavörur

Memory Deluxe
Svæðisskipt þrýstjöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning.
Hágæða sjö svæðisskipt heilsudýna sem styður rétt við líkamann. Góð Memory efnaðhandan aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstjöfnun og réttur stuðningur tryggir betra klóbólleiki og þú færð djúpi og betri svefn. Öll verð eru með og fótum

Svefn & heilsa
★★★★★

Erum með úrval af rúmum í öllum stærðum og gerðum frá Svefn & heilsu

Opið virka daga kl. 13:00-18:00
Sími 478-1892 / 898-3664
Verið velkomin
Húsgagnaaval

Óskum eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð

Ertu með frábæra hugmynd? Sæktu um fyrir 8. október

1

Menningarverkefni

Uppbyggingarsjóður styrkir menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi

2

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Uppbyggingarsjóður styrkir atvinnuskapandi og/eða framleiðni aukandi verkefni á Suðurlandi

Starfandi fyrirtæki eru sérstaklega hvött til að sækja um



UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT
ÞRIÐJUDAGINN 8. OKTÓBER, KL. 16:00



RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland. Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna. Nánari upplýsingar á vef SASS.



STYRKIR@SASS.IS



S. 480-8200



WWW.SASS.IS

Uppbyggingarsjóður er hluti af



SÓNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Höskuldur Björnsson

Skráning á verkum Höskuldur Björnssonar listmálara sem fæddist í Dilksnesi í Nesjum stendur nú yfir. Tilgangur verksins er að ná yfir öll verk sem finnast eftir Höskuld hér á svæðinu til að eiga sem heimild á listasafninu auk þess sem áætlað er að halda sýningu á verkum hans í Svavarssafni. Höskuldur var þekktur fyrir fuglamyndir sínar en málaði einnig landslag og myndir tengdar gamla bændasamfélaginu sem tengjast uppruna hans í íslenskrí sveit. Því vill Svavarssafn biðla til fólks sem á myndir eftir Höskuld að hringja í síma 4708050 eða senda tölvupóst á netfangið hannadis@hornafjordur.is, einnig má taka mynd af verkinu, mæla lengd og breidd og senda á netfangið hér að ofan. Ásamt eiganda og sögu verksins.

Einnig auglýsir safnið eftir leirmunum frá Guðmundi frá Miðdal til að lána á sýningu nú í haust.

Með fyrirfram þökk,

Starfsfólk Menningarmiðstöðvar



Menningarmiðstöð Hornafjarðar | 118a BG 215 470 8050 | www.hornafjordur.is

Hausttónleikar Samkórsins

Vetrarstarf Samkórs Hornafjarðar er hafið. Einn af fyrstu viðburðum starfsársins að þessu sinni eru tónleikar sem verða haldnir 8. október næstkomandi. Kórfélagar ákváðu í vor í samráði við stjórnandann að breyta til og færa árlega tónleika yfir á haustið og dreifa þannig framboði á tónlist sem er mikið á vorin eins og við öll þekkjum. En það er aldrei offramboð af tónlist og fjölbreytni í kórastarfi hér í samfélaginu er mikil. Aðalstarfsvettvangur okkar í Samkórnum er í kirkjunum og tónlistin sem við flytjum tekur mið af þeim athöfnum sem þar fara fram. Kórinn hefur þó fjölbreytta tónlist á dagskránni og við æfum og syngjum í rauninni alls konar tónlist.

Kórinn hittist reglulega einu sinni í viku á samæfingum og svo eru raddæfingar að auki yfir vetrartímamann. Við viljum hvetja ykkur sem hafið áhuga á að syngja í blönduðum kór að koma til liðs við okkur í Samkórnum því það er hægt að bæta við söngvurum í öllum röddum. Stjórnandi kórsins er organistinn Jörg Sondermann.

Á tónleikunum að þessu sinni syngjum við íslensk lög í bland við erlend. Sum af þessum lögum þekkjum við best sem sigild einsöngslög, önnur heyrast sjaldnar. Við lofum fjölbreyttri tónlistarveislu og vonumst til þess að sjá ykkur sem flest. Tónleikarnir verða þriðjudagskvöldið 8. október í Hafnarkirkju og hefjast kl. 20:00 og það er enginn aðgangseyrir.

Samkór Hornafjarðar

KPMG

Bókari á Hornafirði

Starfsmann vantar í bókhald og launavinnslu fyrir viðskiptavini KPMG. Viðkomandi þarf að hafa góða reynslu af bókhaldi og geta unnið sjálfstætt.

Hjá KPMG starfar hópur bókara sem sinna hver og einn afmörkuðum hópi viðskiptavina. Vinnustaðurinn er skrifstofa KPMG á Hornafirði þar sem vinna nú tveir starfsmenn.

Hæfniskröfur:

- Viðskiptamenntun æskileg
- Góð reynsla af bókhaldi
- Enskukunnátta æskileg
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Jákvæðni og þjónustulund

Sækja skal um á kpmg.is og er umsóknarfrestur til **7. október nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Andrés Guðmundsson**, starfsmannastjóri. agudmundsson@kpmg.is og í síma 545 6077

kpmg.is





Pá er komið að því!

Átjándi árið í röð ættlar Hornfirska skemmtifélagið að gleðja landann með einni af sínum stórskemmtilegu sýningum. Að þessu sinni ættlar tónlistarfólkið í sýningunni að flytja sín uppáhalds lög og fékk sýningin því nafnið Óskalögur.

Frumsýning 26. október
Önnur sýning 2. nóvember

Athugið að aðeins eru þessar 2 sýningar!

Hátíðarkvöldverður, sýning og dansleikur kr. 9.800

Miðapantanir í síma 866-0963 (Eva) og á kartofluhusid@gmail.com

Nánari upplýsingar:
facebook.com/skemmtifelag & facebook.com/hafidhofn/

Vetrarstarf Félags eldri Hornfirðinga komið af stað

Komið þið blessuð og sæl. Nú er hafið vetrarstarf Félags eldri Hornfirðinga og hér gefur að líta vetrardagskrána. Ég vil hvetja sem flesta sem eru 60 ára og eldri að íhuga að gerast félagsmenn. Auk þess að taka þátt í skemmtilegu og gefandi starfi, því fylgja nokkur fríðindi að vera félagi t.d. eru í boði ýmsir afsláttir í gegnum Afsláttarbókina sem fylgir félagsskirteini. Eining er hægt að gerast styrktarfélagar bæði einstaklingar og fyrirtæki með málfrelsi og tillögurétt á fundum. Hægt er að hafa samband við Hauk H. Þorvaldsson formann Félags eldri Hornfirðinga ef fólk íhugar þátttöku í félaginu í síma 897-8885 og netfang haukurhelgi@gmail.com. Kíkið hér á vetrardagskrána.

VETRARDAGSKRÁIN 2019-2020

Vikan	Hvað er að gerast?	Tímasetning
Mánudagar	Gönguferð frá Ekrinni Snóker	10:00 13:00
Þriðjudagar	Boccia Tímar í íþróttahúsi Tekið í spil - Skák - Pílukast Snóker - Þythokki Líkamsrækt í Ekrinni Samæfing hjá Gleðigjöfum	10:00 09:25 - 10:30 13:00 - 16:00 13:00 16:30 19:00
Miðvikudagar	Gönguferð frá Ekrinni Handavinna - Smíðastofa Snóker	10:00 13:00 - 16:00 13:00
Fimmtudagar	Vatnsleikfimi í Sundlauginni Tekið í spil - Skák - Pílukast Snóker - Þythokki	16:00 13:00 - 16:00 13:00
Föstudagar	Boccia Föndur - Handavinna Snóker Samveru/söngstund m/gestum Ath. <u>annan hvern</u> föstudag.	10:00 13:00 - 16:00 13:00 17:00 - 18:00
Laugardagar	Frjálst félagsstarf	10:30 - 15:00
Sunnudagar	Dansiball í Ekrinni Vöflukaffi verður til sölu Ath. <u>fjórða sunnudag</u> í mánuði.	16:00 - 17:30



SKAPANDI MARGMIÐLUNARSTOFA

Prívíddargrafík,
umbrot og auglýsingagerð.

Hafðu samband:
tjorvi@upplausn.is

eða í síma
848-3933.



Fiskbúð Gunnhildar

VETRAOPNUN

Opið verður í vetur miðvikudaga og fimmtudaga frá 14:00 til 18:00

Lax, bleikja, þorskur, ýsa, gellur, kinnar, fiskibollur og fiskréttir

Verið velkomin

S: 865-3302 og 478-1169



FLÓAMARKAÐUR

Markaðurinn verður haldinn
laugardaginn 5. október á Hafinu,
Heppuvegi 5, frá kl. 12:00 – 15:00.

Markaðurinn er samstarfsverkefni sveitarfélagsins,
Hafsins og Hirðingjanna.

30 ÁRA AFMÆLISTILBOÐ NETTÓ

Grísahnakki með puru

679 KR/KG
ÁÐUR: 2.057 KR/KG

-67%

30 ÁRA VERÐ



-43%

Hamborgarar
4 stk - 120 gr m/brauði

598 KR/PK
ÁÐUR: 1.049 KR/PK

30 ÁRA VERÐ



-50%

Bayonne skinka
Kjötsel

999 KR/KG
ÁÐUR: 1.998 KR/KG



Rib eye-,
Sirloin- og
T-Bone steikur

-40%

2.999 KR/KG
ÁÐUR: 4.998 KR/KG



Coca-Cola
4 x 1,5L

599 KR/PK
ÁÐUR: 999 KR/PK

-40%



-40%

Franskar
andabringur

1.997 KR/KG
ÁÐUR: 3.329 KR/KG



**AFMÆLIS
SPRENGJA!**



-36%

Ristorante
pizzur
4 tegundir

299 KR/STK
ÁÐUR: 469 KR/STK



Pepsi og
Appelsín
0,5L

79 KR/STK
ÁÐUR: 159 KR/STK

-50%



Tannkrem
Maximum protection

159 KR/PK
ÁÐUR: 449 KR/PK

Tannbursti
Extra Clean

88 KR/STK
ÁÐUR: 249 KR/STK

-65%



Jarðarber
250 gr

299 KR/PK
ÁÐUR: 598 KR/PK

-50%



nettó

Lægra verð - léttari innkaup

nettó
Í 30 ÁR
1989 - 2019



VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

Tilboðin gilda 3. - 6. október

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**ÓDÝRAST Á NETINU
Í VEFVERSLUN NETTÓ***

*Skv. Könnun Fréttablaðsins